

Unglingadeild

Sjálandsskóla




Í Sjálandsskóla hefur verið starfrækt unglingadeild frá haustinu 2008. Með henni hefur val unglunga í Garðabæ á fjölbreyttum möguleikum í skólastarfi aukist.

Markmið unglingadeildarinnar er að búa nemendur eins og kostur er undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi.

Áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám, fjölbreytta kennsluhætti og skapandi skólastarf. Sjálandsskóli er heildstæður grunnskóli.

Í Sjálandsskóla hefur mikil áhersla verið lögð á samstarf heimilis og skóla. Skóladagurinn hefst kl. 8:15 alla daga.



Skóladagurinn skiptist svona:

- **50% kjarnagreinar**
(íslenska, stærðfræði, tungumál, íþróttir og sund).
Í íslensku og stærðfræði læra nemendur afmarkað námsefni í 3 vikna lotum. Við upphaf hverrar lotu fá nemendur lista yfir verkefni, leiðbeiningar kennara og prófdaga. Markmið hverrar lotu eru því skýr í upphafi og nemendur vita til hvers er ætlast af þeim.
- **30% þemu**
(samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni).
Þemu hefur verið skipt eftir árgöngum í sex mismunandi viðfangsefni sem dreift er jafnt yfir skólaárið. Dæmi um þemu í 8.-10. bekk eru tónlist 20.aldar, upp um fjöll og firnindi, hvað kostar dæmið?, stríðsárin. Þemun eru unnin í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og miðast við að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda og virkja þá eins og kostur er í þekkingarleitinni. Þemun eru flest unnin í hópvinnu fyrir utan eitt einstaklingsverkefni á hverju skólaári.



Unglingadeild

Sjálandsskóla

- 20% valnámskeið

Sjálandsskóli hefur státað af mjög fjölbreyttu vali. Á síðasta skólaári voru um 50 valnámskeið í boði. Valtímabilin eru 4 á skólaárinu og eru þrjú námskeið kennd á hverju tímabili. Hver nemandi getur því valið 12 valnámskeið á skólaárinu. Dæmi um valnámskeið sem í boði eru leirmótun, málun, listasaga, tónlist og tölvur, þæfing, þrjón/hekl, bútasumur, þýska, franska, ræðumennska, bakstur, ítölsk matargerð, fjallgöngur og skólahreysti svo eitthvað sé nefnt.

Nám í Sjálandsskóla er öflugur undirbúningur undir nám á framhaldsskólastigi. Sjálandsskóli og Fjölbraut í Garðabæ hafa verið í samstarfi um nám á framhaldsskólastigi í einstökum greinum, s.s. íslensku, stærðfræði og ensku.



Velkomin í Sjálandsskóla!